

Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 25. ágúst 2023  
UST202307-202/A.B.  
10.04.01

## **Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss - Ölfusvirkjun, smávirkjun**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 17. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss og nýju deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar jarðhitavirkjunar við Fjallið eina suðaustur af Bláfjöllum.

Í greinargerð kemur fram að skilgreina á iðnaðarsvæði þar sem gert er ráð fyrir að framleiða allt að 9,8 MW af rafmagni og 49,5 MW af varma.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum þann 21. júní 2022.<sup>1</sup>

Hér er um að ræða smávirkjun sem mun valda raski á óröskuðu svæði, á hraunasvæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, á vatnsverndarsvæði og liggur í jaðri Bláfjallafólkvangs.

### **Bláfjallafólkvangur**

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að framkvæmdarsvæðið liggur að Bláfjallafólkvang<sup>2</sup> þarf að meta hver áhrif framkvæmdarinnar eru á fólkvanginn sbr. 54. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en þar segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr.

<sup>1</sup>

<https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn%20Umhverfisstofnunar%20um%20skipulagsl%c3%bdsingu%20fyrir%20%20c3%96lfusvirkjun.pdf>

<sup>2</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/blafjallafolkvangur/>

ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skoðaðir séu valkostir í tillögunni sem munu ekki raska hrauni.

Ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan líklega valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Ekki kemur fram hvaða í greinargerð lýsingar hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

### **Stjórn vatnamála**

Þar sem ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð lýsingar vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi á framfæri.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála og orkunýtingar, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

### **Leyfisveitingar**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 3. mgr. 28. gr. nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skal við útgáfu leyfis, líkt og við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar, gæta að stefnumörkun vatnaáætlunar.

Ef niðurstöður vöktunar vatnshlotanna eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið náist ekki skal gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlota. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Umhverfisstofnun bendir á að fimm grunnvatnshlot eru innan rannsóknarsvæðisins, Selvogsstráumur 1 (104-249-G), Selvogsstráumur 2 (103-43-G), Selvogsstráumur 3 (104-

290-G), Elliðaársstraumur 2 (104-257-G), og Elliðaársstraumur 3 (104-266-G). Frekari upplýsingar um vatnshlot eru aðgengilegar á Vatnavefsjá Veðurstofu Íslands. Engin yfirborðsvatnshlot eru á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að þótt að framkvæmdarsvæðið sé aðeins ofan á Selvogsstraumi 2 og 3 skal taka tillit til allra vatnshlota sem gætu orðið undir áhrifum starfseminnar. Umhverfismarkmið grunnvatnshlota er að hafa góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotanna má ekki rýrna, hvorki varanlega né tímabundið.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að núverandi ástand þeirra vatnshlota sem verkefnið nær til sé metið og mikilvægt er að öll forvinna og grunnrannsóknir séu vel af hendi gerðar áður en farið er af stað í framkvæmd og áhrif starfseminnar á vatnshlotin metin.

Mælt er fyrir um skilgreiningar og frekari lýsingu um mat á ástandi grunnvatns í 8. gr. og kafla 2 í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota<sup>3</sup>, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Eftirfarandi umhverfisgæðabættir eru notaðir til að meta magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatns, en aðeins viðeigandi þættir eru metnir í hvert skipti:

- Breytingar á leiðni benda ekki til innstreymis salts vatns eða annars inn í grunnvatnshlotið
- Engin veruleg rýrnun á vistfræðilegu né efnafræðilegu ástandi tengda yfirborðsvatna vegna grunnvatns
- Ekkert umtalsvert tjón á landvistkerfum háð grunnvatnshlotinu
- Uppfylla kröfur reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn. Engin veruleg rýrnun vatnsgæða neysluvatnsverndarsvæða
- Engin veruleg skerðing vatnsnotkunar
- Engin veruleg áhætta vegna mengunarefna í grunnvatnshloti
- Hæð vatnsborðs í grunnvatnshlotinu er þannig að meðalvatnstaka á ári til langs tíma er ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk. Hæð grunnvatnsborðsins verður þar af leiðandi ekki fyrir breytingum af mannavöldum sem gætu haft í för með sér:
  - að ekki tekst að ná umhverfismarkmiðunum, sem tilgreind eru í 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 535/2011, fyrir yfirborðsvatn sem tengjast grunnvatnshæðinni,
  - að ástandi slíks vatns hrakar umtalsvert,
  - umtalsvert tjón á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint, og breytingar á straumstefnu, sem stafa af vatnsborðsbreytingum, geta átt sér stað tímabundið, eða stöðugt á afmörkuðu svæði, en slíkar breytingar hafa ekki í för með sér innstreymi salts vatns eða annars og benda ekki til viðvarandi og greinilegrar breytingar á straumstefnu af mannavöldum sem líklegt er að leiði til slíks innstreymis.

---

<sup>3</sup> <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/535-2011>

Einnig er vakin er athygli á umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 3/2023 (Hvammsvirkjun)<sup>4</sup> frá 15. júní 2023<sup>5</sup> um þetta ákvæði þar sem m.a. er bent á skyldur samkvæmt lögum um stjórn vatnamála vegna mögulegra breytinga á vatnshlotum vegna nýrra framkvæmda.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að framkvæmdaaðili leggi fram mat eins snemma í ferlinu og mögulegt er á því hvort framkvæmdirnar komi til með að valda hnignun á ástandi vatnshlotanna (eða mögulegri hnignun) og hvort framkvæmdin komi í veg fyrir að gott efnafræðilegt ástand og góð magnstöðu vatnshlotanna náist. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki þarf framkvæmdaraðili virkjunar að sækja um heimild til Umhverfisstofnunnar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til breytinga á vatnshlotunum. Til að hægt sé að veita slíka heimild þurfa skilyrði 2. mgr. 18. gr. að vera uppfyllt. Slík heimild þarf að liggja fyrir áður en virkjunarleyfi er gefið út, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 3/2023 (Hvammsvirkjun).

### **Hljóðvist**

Umhverfisstofnun telur að hægt sé að skilgreina svæðið sem kyrrlát svæði, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Í reglugerðinni eru kyrrlát svæði skilgreind á þennan veg: „Kyrrlát svæði: Svæði sem er ætlað til útivistar og afmarkað er í skipulagi, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um kortlagningu hávaða, nr. 1000/2005.“

### **Loftgæði og loftslag**

Umhverfisstofnun bendir á að útblástur gufuafsvirkjana inniheldur koldíoxíð (CO<sub>2</sub>), brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S) og metan (CH<sub>4</sub>) sem hafa neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Koldíoxíð (CO<sub>2</sub>) og metan (CH<sub>4</sub>) valda gróðurhúsaáhrifum og brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S)<sup>5</sup> hefur neikvæð áhrif á staðbundin loftgæði og veldur auknu tæringarálagi á málma. Mörg rafeindatæki eru mjög viðkvæm fyrir áhrifum brennisteinsvetnis. Því er mikilvægt að meta áhrif loftmengunar og loftlags verkefnisins í áætluninni.

### **Landslag**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Evrópski landslagsverndarsamningurinn var gerður á vettvangi Evrópuráðsins árið 2000 en var fullgiltur á Íslandi 1. apríl árið 2020. Markmið samningsins er að efla verndun, nýtingu og áætlanir um landslag, og að skipuleggja evrópska samvinnu um málefni varðandi landslag.<sup>6</sup> Mikilvægt er að hann sé hafður sem viðmið í umhverfimatí verkefnisins.

<sup>4</sup> <https://uua.is/urleits/3-2023-hvammsvirkjun/>

<sup>5</sup> <https://ust.is/loft/loftgaedi/brennisteinsvetni/>

<sup>6</sup> <https://ust.is/nattura/althjodlegar-skuldbindingar/#landslagssamningur-evropu>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Hulda Soffía Jónasdóttir

***sérfræðingur***